

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 25/1983. **Noah Samuel Hardy**
(Ragnar Aðalsteinnsson hrl.)
gegn

Gaðari G. Viborg
(Gunnar Sólves hrl.)
og dómsmálaráðherra
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Ættleiðing. Ógilding stjórnarathafnar. Alþjóðlegur einkamálaréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Hann gerir þær kröfur á hendur dómsmálaráðaherra, að ógilt verði með dómi ættleiðingarleyfi það, sem dóms- og kirkjumálaráðuneytið gaf út 11. maí 1977, þar sem stefnda Gaðari G. Viborg var heimilað að ætteleiða drenginn Njörð Má Noahson. Á hendur Gaðari G. Viborg gerir áfrýjandi þær kröfur, að honum verði gert að þola dóm til ógildingar á fyrrgreindu ættleiðingarleyfi. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum frá stefndu in solidum.

Báðir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi Gaðar fékk gjafvörn í málinu með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 14. apríl 1983.

Áfrýjandi máls þessa er kynfaðir Njarðar Más, sem fæddist 10. febrúar 1971. Hefur áfrýjandi því hagsmuni að lögum af að fá dóm um það efni, sem mál þetta snýst um.

Móðir Njarðar Más, Fanný Jónsdóttir, giftist stefnda Gaðari árið 1973. Í málinu hefur verið lagt fram samnorænt flutningsvottorð, dagsett 12. ágúst 1975, þar sem segir, að Gaðar, Fanný og Njörður Már, sem eigi „fullt lögheimil“ að Laugarnesvegi 108 í Reykjavík, flytjist 16. ágúst þetta ár til Svíþjóðar og verði „fullt lögheimili“ þar á tilteknum stað í Lundi. Undir vottorðið ritar starfsmaður Hagstofu Íslands vegna þess ráðuneytis.

Ekki hafa verið lögð fram skjöl, er sýni, að þessi fjölskylda hafi neitt aðhafst til að telja lögheimili sitt eftir þetta hérlendis eftir 1. mgr. 10. gr. laga um lögheimili nr. 35/1960, þar sem segir: „Rétt er þeim, sem dveljast erlendis við nám, að telja lögheimili sitt í sveitarfélagi, þar sem þeir áttu lögheimili, er þeir fóru af landi brott.“

Lögð hefur verið fram í málinu flutningstilkynning undirrituð 25. febrúar 1977 af Fannýju Jónsdóttur, þar sem hún tilkynnir flutning frá Lundi að Goðabyggð 3 á Akureyri 27. sama mánaðar. Segist hún flytja ein, en eiginmaður og tveir synir hennar verði eftir í Lundi. Flutningsvottorð fyrir Fannýju, sem er í samræmi við þetta, hefur einnig verið lagt fram.

Stefndi Garðar sótti um ættleiðingu til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Umsóknin er ódagsett, en samþykki konu hans er dagsett 1. mars 1977. Í umsókninni segir, að heimili umsækjanda sé Goðabyggð 3 á Akureyri og sé það einnig heimili Fannýjar móður barnsins. Í umsókninni segir m.a.: „Það skal tekið fram, að við hjónin stundum nám í Svíþjóð, en hyggjum á heimkomu strax að því loknu.“

Við úrlausn máls þessa koma til athugunar lög nr. 29/1931 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Í 11. gr. samningsins segir: „Vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna, sem heimilisfesti á í einhverju þeirra, ættleiða mann, sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna, skal sækja um leyfi til þess í því ríki, er ættleiðandi á heimilisfesti í.“ Í 12. gr. segir síðan, að við úrskurð umsóknar skuli beitt lögum landsins, sem sótt er um leyfi í. Svo sem ráða má af framansögðu, voru sett sérstök lög um samning þennan, og segir í 1. gr. þeirra, að ríkisstjórninni sé „heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum“ að samningurinn „skuli öðlast gildi.“ Með hliðsjón af því, að sérstök lög voru sett um samninginn, og eftir auglýsingu nr. 85/1931 tók hann gildi 1. janúar 1932, verður að telja, að hann hafi lagagildi hérlendis. Verður að skýra 11. gr. hans svo, að eftir íslenskum rétti megi handhafar íslensks framkvæmdavalds ekki veita ættleiðingarleyfi, sem íslenskur ríkisborgari sækir um, ef hann á heimilisfesti í öðru ríki á Norðurlöndum, og sá, sem ættleiða á, er ríkisborgari í einhverju

aðildarríkja samningsins. Verður því úr því að skera, hvort Garðar G. Viborg, stefndi í máli þessu, hafi átt heimilisfesti á Íslandi eða í Svíþjóð, þegar hann sótti um ættleiðingu, en byggja ber á því, að það hafi verið í mars 1977.

Sem fyrr segir, hafði Garðar ekkert gert, svo að fram sé komið, til að telja lögheimili sitt hér á landi eftir 10. gr. laga nr. 35/1960. Verður því ekki á því ákvæði byggt. Samkvæmt hinu samnorræna flutningsvottorði, sem fyrr er að vikið, flutti hann lögheimili sitt til Svíþjóðar 1975. Um þessi vottorð og tilkynningar þær, sem þau eru byggð á, er fjallað í lögum nr. 73/1952 um tilkynningar aðsetursskipta, 6. gr., sbr. lög nr. 16/1963, 2. gr. Í greininni segir m.a.: „Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu ..., fá afhent vottorð um flutninginn....“ Í 2. mgr. 5. gr. laganna segir: „Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það....“ Ekki er fram komið, að fjármálaráðherra hafi gefið fyrir-mæli þau, sem hér er að vikið, en með auglýsingum nr. 2/1969 og 13/1969 í C deild Stjórnartíðinda var birtur Norðurlandasamningur um almannaskráningu og skýrt frá gildistöku hans. Hver sem verið hefur lagagrundvöllur þeirrar skjalagerðar, sem lýst hefur verið og varðar flutning stefnda Garðars og fjölskyldu hans til Svíþjóðar 1975, er ljóst af þessum gögnum, að stefndi Garðar tilkynnti 1975, að hann og fjölskylda hans hefðu flutt lögheimili sitt frá Íslandi til Svíþjóðar, og var opinber skráning í samræmi við það. Flutningur konu hans til Íslands 1977 breytti ekki lögheimili hans í Svíþjóð, sbr. 7. gr. laga nr. 35/1960.

Samkvæmt framansögðu bar stefnda Garðari á árinu 1977 að sækja um ættleiðingu þá, sem hér er um fjallað, í Svíþjóð, og verður, eins og fyrr segir, að telja, að íslenskt stjórnvald hafi eigi að hérlandslögum mátt veita ættleiðingarleyfið. Ber því að fella úr gildi leyfi það, sem veitt var 11. maí 1977. Áfrýjandi hefur stefnt bæði dómsmálaráðherra, sem veitti ættleiðingarleyfið í umbodi forseta Íslands eftir 1. gr. laga nr. 19/1953 um ættleiðingu, er giltu 1977, og Garðari G. Viborg, sem leyfið fékk. Bindur dómur þessi báða stefndu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði in solidum máls-

kostnað til áfrýjanda, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 40.000.00 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hrl., 14.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Framangreint ættleiðingarleyfi er ógilt.

Stefndu, dómsmálaráðherra og Garðar G. Viborg, greiði in solidum áfrýjanda, Noah Samuel Hardy, 40.000.00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allur gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars G. Viborg fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 14.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Magnúsar Thoroddsen

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans.

Áfrýjandi fékk tækifæri til að tala máli sínu gagnvart því stjórnvaldi, er veitir leyfi til ættleiðinga að íslenskum lögum, áður en ættleiðingaleyfi það var veitt, sem mál þetta snýst um.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjanda dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafvarnarkostnaður stefnda Garðars G. Viborg greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólnes hæstaréttarlögmanns, 14.000.00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. október 1982.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. september 1982, er höfðað með stefnu, birtri 10. og 24. september 1981, af Noah Samuel Hardy, 4 rue de Circe, 75006 París, Frakklandi, gegn dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins, Arnarhvoli, Reykjavík, og Garðari G. Viborg, Skarpskyttuvägen 2 D, Lundi, Svíþjóð.

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytis eru þær, að ógilt verði ættleiðingarleyfi það, sem ráðuneytið gaf út 11. maí 1977, þar sem Garðari G. Viborg, f. 10. apríl 1951, nú búsettur í Svíþjóð, var heimilað að ættleiða drenginn Njörð Má, f. 10. febrúar 1971, þá skráðan son Noah Samuel Hardy.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda Garðari G. Viborg eru þær, að honum verði gert að þola dóm til ógildingar á ættleiðingarleyfi því, sem dómsmálaráðuneytið gaf út Garðari til handa 11. maí 1977.

Þá krefst stefnandi alls málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum, þ.m.t. málflytningislaun skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sættir voru reyndar, en án árangurs.

Málsatvik í stuttu máli.

Vorið 1970 kynntust í Frakklandi stefnandi máls þessa, Noah Samuel Hardy, og Fanný Jónsdóttir. Samband þeirra varði í þrjár vikur, en þá flutti Fanný til Íslands. Hinn 10. febrúar 1971 ól Fanný son, sem gefið var nafnið Njörður Már og skráður Noahson. Um faðerni drengsins er ekki deilt og fyrir liggur faðernisviðurkenning stefnanda frá 30. apríl 1975. Talsverð samskipti voru á milli stefnanda og Fannýjar fram til ársins 1973, eða þar til Fanný kynntist stefnda Garðari G. Viborg. Þau Garðar og Fanný gengu í hjónaband í desembermánuði 1973. Árið 1975 fluttu þau til Svíþjóðar ásamt drengnum Nirði Má. Snemma árs 1977 sótti svo stefndi Garðar um leyfi til dómsmálaráðuneytisins um að mega ættleiða drenginn Njörð Má. Leyfi til ættleiðingar var honum veitt 11. maí 1977 þrátt fyrir mótmæli stefnanda. Mál þetta er höfðað til ógildingar á þessu leyfi.

Fyrri úrskurðir og dómar varðandi málsefnið.

Með úrskurði, uppkveðnum 26. febrúar 1982, var krafa stefnda dómsmálaráðherra þess efnis, að stefnanda yrði gert að leggja fram málskostnaðartryggingu, a.m.k. að fjárhæð kr. 50.000.00, ekki tekin til greina.

Málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda um ógildingu ættleiðingarleyfisins er aðallega byggð á því, að leyfisins hafi verið aflað fyrir röngu stjórnvaldi. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 29/1931 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Noregs, Finnlands og Svíþjóðar um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli leita leyfis til ættleiðingar í því landi, sem ættleiðandi er heimilisfastur í. Stefndi Garðar hafi flust til Svíþjóðar ásamt eiginkonu sinni, Fannýju

Jónsdóttur, og barni hennar Nirði Má árið 1975. Hann hafi því búið í Svíþjóð í tæp tvö ár, þegar umsókn hans um leyfi til þess að mega ættleiða drenginn Njörð Má hafi borist dómsmálaráðuneytinu. Stefndi Garðar búi þar enn og ekki sé vitað, hvort og þá hvenær hann og fjölskylda hans snúi til Íslands aftur. Á umsókn Garðars hafi verið gefið upp sem heimilisfang Godabyggð 3, Akureyri, sem verið hafi heimili fjölskyldunnar, meðan hún hafi búið á Íslandi. Hafi það greinilega verið rangt, þegar umsóknin var lögð inn til dómsmálaráðuneytisins svo og þegar leyfið sjálft var veitt.

Þar sem stefndi Garðar hafi sannanlega verið heimilisfastur í Lundi, Svíþjóð, þegar ættleiðingarleyfið var veitt, hafi ráðuneytið farið út fyrir valdsvið sitt með leyfisveitingunni. Því beri samkvæmt hljóðan 11. gr. laga nr. 29/1931 að ógilda umrætt leyfi. Með lögum nr. 29/1931 hafi Norðurlandasamningurinn um hjúskap, ættleiðingu og lögráð öðlast lagagildi hér á landi. Ákvæði fyrrgreindrar 11. gr. sé óundanþægt og meðan þau Garðar og Fanný séu búsett í Svíþjóð, verði Garðar samkvæmt nefndri grein að sækja um ættleiðingu á Nirði Má fyrir sænskum stjórnvöldum.

Eftirfarandi atriði kveður stefnandi ennfremur vera til stuðnings kröfum sínum: Í fyrsta lagi, að á umsókn Garðars hafi verið tekið fram, að þau hjón stundi nám í Svíþjóð, en hyggi á heimkomu strax að því loknu. Þar sem slíkt hafi verið tekið fram, hafi ráðuneytinu borið að kanna, hvernig búsetu þeirra hjóna hafi verið háttáð, þótt gefið væri upp heimilisfang á Akureyri. Dómsmálaráðuneytið hafi ekki gætt þessarar ströngu rannsóknarskyldu sinnar. Í öðru lagi, að hagræðing stefnda Garðars á heimilisfangi sínu hafi augljóslega verið gerð til þess að blekkja dómsmálaráðuneytið. Ljóst sé, að þar sem reglum um ættleiðingu barna í Svíþjóð sé á annan veg háttáð en héraendis, þá hafi það verið eina von stefnda Garðars og konu hans, að ættleiðingarleyfið yrði veitt á Íslandi. Í þriðja lagi bendir stefnandi á það, að drengurinn Njörður Már hafi verið skráður Garðarsson við komu fjölskyldunnar til Svíþjóðar árið 1975. Þetta hafi augljóslega verið gert í þeim tilgangi að standa betur að vígi gagnvart félagslegri aðstoð í Svíþjóð, en ef drengurinn væri skráður Noahson. Skráning þessi sé ámælisverð. Loks megi benda á þær aðferðir, sem stefndi Garðar og kona hans hafi beitt stefnanda, þegar hann sótti um umgengnisrétt við barn sitt fyrir sænskum dómstólum, svo sem lög þar heimili. Þá hafi þau Garðar og Fanný brugðist við á þann veg, að Fanný hafi tilkynnt sig flutta til Íslands og farið þangað 27. febrúar 1977. Þar hafi hún síðan lagt inn ættleiðingarumsókn fyrir eiginmann sinn. Tilkynning Fannýjar um flutning til Íslands og ferð hennar hafi haft þann eina tilgang að koma í veg fyrir, að dómstólar í Svíþjóð gætu fjallað um beiðni stefnanda um umgengnisrétt við barn sitt. Fanný hafi svo flutt aftur til Svíþjóðar, þegar ættleiðingin var fengin. Því verði ekki annað séð en að hvatinn á bak við ættleiðinguna hafi verið sá

að koma í veg fyrir, að stefnandi gæti haldið sambandi við barn sitt. Gróflega hafi því verið gengið á rétt þeirra beggja, barnsins Njarðar Más og stefnanda.

Sýknukrafa stefnda dómsmálaráðherra er studd þeim rökum, að enginn vafi leiki á því, að íslensk stjórnvöld fari með vald í málefnum íslenskra ríkisborgara að því marki sem um löglegar valdheimildir sé að ræða. Skýr lagafyrirmæli þurfi til að koma til þess, að talið verði, að almennu úrskurðarvaldi íslenskra stjórnvalda verði ekki beitt gagnvart íslenskum ríkisborgurum. Dómsmálaráðherra fari með ættleiðingarvald skv. 1.mgr. 1. gr. laga nr. 19/1953, sem í gildi voru, þegar umrætt ættleiðingarleyfi var gefið út. Þeir, sem undir það vald séu settir, séu fyrst og fremst íslenskir ríkisborgarar. Valdinu verði því beitt að uppfylltum almennum skilyrðum laganna til að leyfa íslenskum ríkisborgara að ættleiða barn með íslenskan ríkisborgararétt. Í lögnum hafi hvergi verið að finna neitt skilyrði um búsetu eða heimilisfesti ættleiðanda.

Af hálfu stefnda dómsmálaráðherra er því mótmælt, að í 11. gr. fyrrgreinds samnings milli Norðurlanda felist undantekning frá framangreindri meginreglu, af eftirgreindum ástæðum:

Í fyrsta lagi hafi umræddur samningur milli Norðurlanda ekki lagagildi á Íslandi, þar sem Alþingi hafi átt þá aðild eina að gerð samningsins að heimila ríkisstjórninni með lögum nr. 29/1931 að ákveða með auglýsingu, að samningurinn skyldi öðlast gildi. Í þessu felist aðeins, að ríkisstjórninni hafi verið heimilað að gera samninginn gildan að þjóðarétti, þ.e. að skuldbinda íslenska ríkið gagnvart samningsríkjunum.

Í öðru lagi, að jafnvel þótt samningurinn verði talinn hafa gildi á Íslandi sem sett lög væru, verði ekki með nokkru móti lagður sá skilningur í 11. gr. hans, sem stefnandi vilji vera láta, þ.e. að ákvæðið hafi staðið því í vegi, að stefndi dómsmálaráðherra hefði vald til útgáfu ættleiðingarleyfis þess, sem um er deilt.

Þegar skoðuð séu einstök ákvæði umrædds samnings milli Norðurlandanna, verði að hafa í huga, að tilgangur hans hafi ekki verið sá að draga úr skyldu einstakra ríkja til að veita málefnum ríkisborgara sinna þá úrlausn, sem þeir hafi átt rétt á lögum samkvæmt. Og tilgangurinn hafi heldur ekki verið sá að takmarka valdheimildir einstakra ríkja gagnvart sínum eigin ríkisborgurum. Tilgangur samningsins sé sá einn að mæla fyrir um réttindi ríkisborgara einstakra samningsríkja í öðrum samningsríkjum, sem ekki hefði verið fyrir hendi án samningsins.

Þá er því ennfremur haldið fram af hálfu stefnda dómsmálaráðherra, að hugtakið „heimilisfesti“ eigi ekki við um dvöl meðstefnda Gardars G. Viborg í Svíþjóð. Meðstefndi hafi dvalið í Svíþjóð vegna sálfræðináms síns og ávallt hafi komið fram, að ætlun hans og fjölskyldu sé sú að snúa aftur

heim til Íslands að náminu loknu. Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili sé þeim, sem dvelja erlendis við nám, rétt að telja lögheimili sitt á Íslandi. Með hliðsjón af þessu svo og yfirlýsingu meðstefnda í ættleiðingarumsókninni hafi stefnda dómsmálaráðherra verið rétt að líta svo á, að í skilningi 11. gr. samningsins mætti telja umsækjandann eiga heimilisfesti á Íslandi.

Þær málsástæður, sem nú hafa verið greindar, telur stefndi, að leiði hver og ein til sýknu hans af kröfu stefnanda.

Í greinargerð stefnda Garðars er sýknukrafa hans byggð á því, að hann og drengurinn Njörður Már séu íslenskir ríkisborgarar með lögheimili að Godabyggð 3, Akureyri, sbr. 10. gr. laga nr. 35/1960 um lögheimili. Af þeim sökum lúti þeir íslenskri lögsögu hvað varði ættleiðinguna.

Þá sé og rétt að geta þess, að við veitingu ættleiðingarleyfisins hafi ákvæðum laga nr. 19/1953 um ættleiðingu verið fylgt út í ystu æsar.

Loks bendir stefndi Garðar á, að svonefnt samnorraent flutningsvottorð hafi ekki verið til staðar, þegar lög nr. 29/1931, sem stefnandi vitnar til, hafi verið samþykkt. Allt aðrar reglur gildi nú um heimilisfesti íslenskra námsmanna erlendis en á heim tíma.

Að öðru leyti hefur stefndi Garðar tekið undir málsástæður meðstefnda dómsmálaráðherra til studnings kröfu sinni.

Niðurstaða.

Með lögum nr. 29 frá 8. september 1931 samþykkti Alþingi, að fullgiltur yrði samningur sá, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð. Samþykki Alþingis til fullgildingar á samningi þessum, sem birtur var sem fylgiskjal með heimildarlögum, felur það ekki í sér, að hann hafi öðlast lagagildi hér á landi. Samningurinn er hins vegar skuldbindandi fyrir íslenska ríkið að þjóðarétti.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1953 um ættleiðingu, sem í gildi voru, þegar umdeilt ættleiðingarleyfi var veitt, er dómsmálaráðherra í umboði forseta Íslands veitt vald til þess að veita ættleiðingarleyfi hér á landi. Í þessum lögum er ekki að finna neitt skilyrði um búsetu eða heimilisfesti ættleiðanda né heldur þess, sem ættleiddur er.

Með hliðsjón af þessu verður ekki talið, að 11. gr. ofangreinds samnings milli Norðurlandanna þrengi heimild dómsmálaráðherra til úgáfu ættleiðingarleyfis, þegar í hlut eiga íslenskir ríkisborgarar. Stefndi Garðar og drengurinn Njörður Már eru báðir íslenskir ríkisborgarar. Því er það álit dómarsins, að stefndi dómsmálaráðherra hafi ekki farið út fyrir valdsvið

sitt við veitingu ættleiðingarleyfis 11. maí 1977 til handa meðstefnda Garðari G. Viborg.

Af þessum sökum ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þórhildur Línal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra f.h. dómsmálaráðuneytisins og Garðar G. Viborg, skulu vera sýknaðir af kröfu stefnanda, Noah Samuel Hardy, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1984.

Nr. 254/1984. **Ákærvaldið**

gegn

Hirti Óskarssyni

Ómerking. Heimvísun. 183. gr. laga nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu hefur af hálfu ákærvalds verið skotið til Hæstaréttar til ómerkingar með áfrýjunarstefnu 27. júní sl.

Í ákæruskjali, sem rakið er í héraðsdómi, er ákærða gefið að sök, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiða í tvö skipti, 29. október og 30. desember 1983. Héraðsdómari hefur einungis dæmt um fyrra tilvikið, en vikur ekki að hinu síðara. Vegna þessa galla á málsmeðferðinni verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Mál þetta er dæmt í Hæstarétti samkvæmt 183. gr. laga nr. 74/1974, án þess að málflutningur hafi farið fram.